

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 23/2011

2011/EES/37/17

frá 1. apríl 2011

## um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2010 frá 1. október 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 481/2010 frá 1. júní 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána fyrir árið 2011 yfir aukamarkbreytur um arf bágrar stöðu milli kynslóða <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 18i (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003) í XXI. viðauka við samninginn:

„18ia. **32010 R 0481**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 481/2010 frá 1. júní 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána fyrir árið 2011 yfir aukamarkbreytur um arf bágrar stöðu milli kynslóða (Stjttíð. ESB L 135, 2.6.2010, bls. 38).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 481/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 62, og EES-viðbætur við Stjttíð. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 22.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 135, 2.6.2010, bls. 38.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.